



STUÐLABERG
FASTEIGNASALA

Hafnargata 20, Reykjanesbæ
www.studlaberg.is
s. 420-4000



VÍKURFRÉTTIR

MÍÐVÍKUDAGUR 11. SEPTEMBER 2024 // 34. TBL. // 45. ARG.

DREIFT Á SUÐURNESJUM OG Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ÓKEYPIS EINTAK



Vel lukkuð
Ljósanótt

Tugþúsundir gesta nutu tónlistar á stóra sviði Reykjanesbæjar, glæsilegrar flugeldasýningar og lýsingu Bergsins á laugardagskvöldi. Dagskrá Ljósanætur náði hápunkti um kvöldið og fór vel fram í góðu veðri. Sjá svipmyndir frá hátíðinni í miðorpu.

Árangur af jarðhitaleit vel umfram væntingar



Árangur af jarðhitaleit á Reykjanesi er vel umfram væntingar og

með þeim þremur holum sem boraðar voru í leitinni að svokölluðum lághita er hægt að halda öllu íbúðarhúsbæði á Reykjanesskaga frostfríum og líklega anna eðlilegri lágmarksnotkun til skemmri tíma. Næstu skref eru frekari mælingar, útfærsla á dælum, varmaskiptum og lögnum svo holar verði tiltækar til vinnslu. Sjá nánar á síðu 4.



Myndar manneskjur eins og þær eru

Ljósmyndarinn Adam Dereszkiewicz setti upp áhugaverða ljósmyndasýningu á Ljósanótt þar sem afgreiðslufólk við Hafnargötu í Reykjanesbæ voru viðfangsefni sýningarinnar. Sjá síðu 10.



Unnið við sprungufyllingar í Grindavík á mánudaginn. VF/Sigurbjörn Daði

Framkvæmdir hafnar við sprungufyllingar í Grindavík

Framkvæmdir við sprungufyllingar eru hafnar á fimm stöðum í Grindavík, þ.e. við Sjávarbraut, Eyjasundi, Víkurbraut, Verbraut og Víkurtúni. Áætlað er að framkvæmdunum ljúki í október.

Framkvæmdirnar eru hluti af aðgerðaáætlun um viðgerðir á götum, opnum svæðum og öðrum innviðum í Grindavík. Aðgerðirnar

miða að því að tryggja virkni og öryggi innviða, þar á meðal á gatnakerfi, lögnum og opnum svæðum.

Þá er einnig hafin vinna við að girða af öörugg svæði innanbæjar en áætlað er að lagðir verði 6,8 km af mannheldum girðingum. Gert er ráð fyrir að hægt sé að leggja 350 metra af girðingum á dag.

Með barnavernd á bakinu í aðdraganda eldgoss



„Ég tel mig ágætlega vel gefna og treysti mér fullkomlega til að meta öryggi barnanna minna,“ segir Grindavíkingurinn Gréta Dögg Hjálmarsdóttir en hún lenti í þeirri leiðinlegu reynslu að barnavernd taldi sig þurfa hafa afskipti af börnum hennar þar sem ekki þótti öruggt að vera með börn í Grindavík í aðdraganda síðasta eldgoss. Fjölskyldan gafst að lokum upp og hefur fest kaup á húsneði í Reykjanesbæ. Sjá viðtal á síðum 12-13.

Kvikann opnar á ný

Kvikann, menningarhús Grindavíkinga, var opnuð að nýju mánudaginn 9. september síðastliðinn. Opnið verður í Kviku mánudaga til fimmtudaga, kl. 10–16.

Það verður heitt á könnunni og eru öll sem eru búsett í Grindavík eða hafa heimild til að fara til bæjarins velkomin.



Lokunarpóstur verði aflagðir í núverandi mynd

Bæjarráð Grindavíkur leggur áherslu á að bærinn verði opnaður sem fyrst fyrir almenningi og lokunarpóstur aflagðir í núverandi mynd. Umræða um lokunarpóstana var á dagskrá fundar bæjarráðs í síðustu viku.

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is



■ Þráttáð í bæjarstjórn Reykjanesbæjar um gjaldtöku fyrir grindvísk leikskólabörn:

Populismi eða rökþrot?

Minnihlutaflökkarnir í bæjarstjórn Reykjanesbæjar mót-mæltu hugmyndum meirihlutans um að rukka að fullu fyrir grindvísk leikskólabörn sem voru með skráð lögheimili í Grindavík á tímabilinu janúar til júní 2024.

Sjálfstæðisflokkurinn og Umbót bókuðu um málið á síðasta bæjarstjórnarfundum. Þar segir m.a.: „Í bréfi frá bæjarstjóra Grindavíkur er óskað eftir yfirliti yfir þann útlagðan kostnað sem Reykjanesbær hefur orðið fyrir vegna þessara barna. Einnig er nefnt í bréfinu hugmynd um að greiða 70% af viðmiðunarkostnaði en að fullu beinan útlagðan kostnað til dæmis

fyrir börn með sérþarfir. Ekki er hægt að sjá að Reykjanesbær hafi tekið sérstaklega saman útlagðan kostnað. Meirihlutinn leggur hins vegar til að rukka Grindavíkurbæ að fullu, það er, 100% samkvæmt gjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga er varðar leikskóla-dvöl utan lögheimilissveitarfélags.“ Meirihluti bæjarstjórnar segir í bókun harma það að uppgjör vegna vistunar grindvískra barna í leikskólum Reykjanesbæjar sé tekið upp sem populísk umræða í bæjarstjórn.

„Við höfum tekið vel á móti okkar nýju íbúum og einstaklega vel hvað varðar móttöku í leik-

og grunnskólum enda eru flest grindvísk börn sem búa í Reykjanesbæ og við eigum að fagna því að Grindvíkingar vilji vera áfram á Suðurnesjum og byggja upp þetta svæði með okkur. Reykjanesbær sem þjónustuaðili veittrar þjónustu þykir eðlilegt að greitt sé fyrir leikskólavistun hjá okkar sveitarfélagi en á umræddu tímabili voru flest þeirra rúmlega 30 barna enn með lögheimili í Grindavík. Hér er um að ræða uppgjör milli sveitarfélaga vegna vistunar barna í leikskólum Reykjanesbæjar með lögheimili í Grindavík fyrir tímabilið janúar til og með júní 2024 sem felur í sér kostnað upp á tæpar 40

milljónir. Þess má einnig geta að í uppgjörinu sem hér um ræðir eru undanskildir mánuðirnir nóvember og desember 2023 ásamt hluta janúar 2024. Afsláttur sem með þessu er verið að veita Grindavíkurbæ nemur um 11 milljónum króna.“

Sjálfstæðismenn og Umbót bókuðu aftur og mótmæltu því að tillaga þeirra um að mæta Grindvíkingum samkvæmt þeirra framlögðu hugmynd, sé kölluð populísk umræða og lýsa rökþroti meirihlutans og vísa því til föðurhúsanna.

Allt hreint

Umhverfissvottuð ræstingarþjónusta

HREINSUM
RIMLAGARDÍNUR OG
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS



Eldstöðin Reykjanes á alþjóðlegan jarðminjalista

Eldstöðin Reykjanes er komin á lista Alþjóðajarðfræðisambandsins (IUGS) yfir 100 merka jarðminjastaði á jörðinni. Þetta var kynnt á alþjóðlegri jarðfræðiráðstefnu sem haldin var nýverið í Busan í Suður-Kóreu en að auki fékk Vatnajökull sæti á listanum. Frá þessu er greint á vef Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Markmið með útgáfu jarðminjalista er að vekja athygli á mikilvægi jarðminja til fræðslu og þekkingar og stuðla að varðveislu merkra jarðminjastaða.

Þurfa að hafa mikið alþjóðlegt vísindagildi

Þetta er í annað sinn sem IUGS tekur saman lista yfir merka jarðminjastaði og nefnist hann „The Second 100 IUGS Geological Heritage Sites“. Fyrsti listinn var birtur á 60 ára afmælishátíð sambandsins árið 2022 undir heitinu „The First 100 IUGS Geological

Heritage Sites“. Jarðminjastaðirnir eru birtir rafrænt og einnig í bók-arútgáfu. Ráðgert er að listar IUGS verði þrír og mun sá þriðji birtast á árinu 2026.

Náttúrufræðistofnun tilnefndi eldstöðina Reykjanes á jarðminjalista IUGS sem alþjóðlegan mikilvægan jarðminjastað vegna tengingar hans við Mið-Atlantshafshrygginn. Alþjóðlegt samband landmótunarfræðinga tilnefndi Vatnajökul sem alþjóðlega mikilvægan jarðminjastað vegna samspils jökuls og eldvirkni.

Til að komast á jarðminjalista IUGS þurfa jarðminjastaðir að

hafa mikið alþjóðlegt vísindagildi, þeir eru heimsins bestu dæmi um ákveðin myndunar- og mótunarferli, þetta eru staðir þar sem gerðar hafa verið merkar jarðfræðilegar uppgötvanir, t.d. um sögu jarðar, eða staðir þar sem rannsóknir hafa stuðlað að þróun jarðfræði sem vísindagrein. Um fjöllun um jarðminjar má sjá á vef IUGS.

UNESCO, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, viðurkendi Reykjanes sem UNESCO Global Geopark árið 2015. UNESCO Global Geoparks eru svæði þar sem minjum og landslagi sem eru jarðfræðilega mikilvægar á heimsvísu er stýrt eftir heildrænni stefnu um verndun, fræðslu og sjálfbæra þróun.

16 FERÐIR Á DAG
ALLTAF PLÁSS
Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

CARGOFLUTNINGAR.IS

845 0900

FINN DU OKKUR Á FACEBOOK

Lægsta verðið í Nettó með appinu

Dæmi um helgarkörfuna 13.-16. september

Föstudagur



379 kr.



239 kr.



957 kr.



328 kr.



670 kr.


Laugardagur



Sunnudagur



Mánudagur



Verð samtals. 14.239 kr.

12.493 kr. með appinu

Inneign
1.746
kr.

Fyrir utan tilboðin færðu alltaf 2% afslátt af öllum innkaupum með appinu – og afslátturinn birtist sem inneign.

Reiknaðu innkaupin til enda!



Skannaðu QR-kóðann og fáðu appið í símann

 **nettó**



Fulltrúar Suðurnesjabæjar
búðu Fisktækniskólann
velkominn í bæjarfélagið.

Góð mæting á opið hús Fisktækniskólans

Fisktækniskóli Íslands, sem hefur haft bækistöð sína í Grindavík til þessa, hefur fært starfsemina yfir í Sandgerði og var haldið opið hús á dögnum í hinum nýju húsakynnum skólans og var góð mæting.

„Það var gaman að sjá hve margir mættu til að skoða nýju húsakynninn og kynna sér starfsemi skólans. Fisktækniskólinn hefur alla burði til að stækka, bæði

er fiskeldi alltaf að ryðja sér meira til rúms og svo nýtist gæðastjórnunarnámið í öllum matvælaíðnaði. Marel-tækninámið er líka alltaf að verða vinsælla, allur matvælaíðnaður í dag nýtir sér tæknina og því hentar það nám mjög vel líka. Við hlökkum til vetrarins hér í Sandgerði,“ sagði Klemenz Sæmundsson, skólameistari Fisktækniskólans.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

SIGRÍÐUR VILBORG ÓLAFSDÓTTIR
(Silla),

Hringbraut 104, Reykjanesbæ,

lést í faðmi fjölskyldunnar á hjúkrunardeild á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja föstudaginn 23. ágúst.

Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Hjúkrunardeild á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja eru færðar þakkir fyrir hlýtt viðmót og umhyggju.

Halldóra Eyjólfsdóttir Skúli Björnsson
Kristinn Eyjólfsson
Margrét Eyjólfsdóttir Magnús Gunnarsson
Herdís Ósk Unnarsdóttir Örvar Þór Kristjánsson
barnabörn og barnabarnabörn



Ástkær eiginmaður minn, faðir, afi og langafi,

ÓLAFUR SIGURÐSSON,

húsgagnsmiðameistari og kennari í Keflavík,

lést á heimili sínu 8. september. Útför verður auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,
Steinunn Erlingsdóttir



Elskulegur fósturfaðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,

SVERRIR JÓHANSSON,

Faxabraut 71, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja miðvikudaginn 4. september. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 12. september klukkan 13.

Arinbjörn Þórhallsson
Guðni Ragnar Þórhallsson
systkini hins látna og afabörnin



”
Þegar þetta allt er tekið saman þá var árangurinn af þessari jarðhitaleit á Reykjanesi vel umfram væntingar og með þessum holum er hægt að halda öllu Reykjanesinu og Vogum frostfríum

Afkastamikil borhola
var boruð í Rockville á
Miðnesheiði. VF/Hilmar Bragi

■ Ekki lengur hætta á heitavatsleysi á Suðurnesjum:

Árangurinn af jarðhitaleit vel umfram væntingar

Árangur af jarðhitaleit á Reykjanesi er vel umfram væntingar og með þeim þremur holum sem boraðar voru í leitinni að svokölluðum lág-hita er hægt að halda öllu íbúðarhúsbæði á Reykjaneskaga frostfríu og líklega anna eðlilegri lágmarksnotkun til skemmri tíma. Næstu skref eru frekari mælingar, útfærsla á dælum, varmaskiptum og lögnum svo holur verði tiltækar til vinnslu. Víkurfréttir greindu frá góðum árangri við borun á Miðnesheiði í sumar.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið stóð fyrir kynningu á stöðu jarðhitamála á Íslandi mánudaginn 9. september en staða orkumála á Suðurnesjunum og afhendingaröryggi hefur verið töluvert í sviðsljósinu frá því jarðhræringar hófust í nágrenni Grindavíkur.

Guðlaugur Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, og Árni Magnússon, forstjóri ÍSOR (Íslenskar orkurannsóknir), kynntu niðurstöður úr jarðhitaleit á Suðurnesjunum og annars staðar á landinu. Ljóst að Suðurnesjafólk þarf ekki að hafa áhyggjur af því að sama staða komi upp og þegar Njarðvíkurlögnin rofnaði í eldgosinu sem hófst 8. febrúar og heitavatslaust varð á öllum Suðurnesjum í kjölfarið.

Guðlaugur Þór er hæstánægður með árangurinn sem hefur náðst á undanförmum mánuðum. „Þegar eldgosíð í febrúar rauf Njarðvíkurlögnina og heitavatslaust varð á Suðurnesjunum, var allt sett á fullt í jarðhitaleit á svæðinu og er mér mikið gleðiefni að tilkynna að þær leitir skiluðu frábærum árangri,“ sagði Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, á fundinum.

Árni Magnússon, forstjóri ÍSOR, fór á fundinum nánar út í hvað var gert í jarðhitaleitinni á Suðurnesjunum. „Þegar Njarðvíkurlögnin fór í sundur í byrjun febrúar varð að veruleika það sem við óttuðumst mjög. Stjórnvöld fólu okkur hjá ÍSOR að koma með tillögur að framtíðarlausn og var allt sett í gang. Í samvinnu við orku- og veitufyrirtæki, verkfræðistofur og borfyrirtæki varð á nokkrum dögum til áætlun um leit á lág-

hita á svæðinu en þó hafði undirbúningur í samvinnu við HS Orku verið hafinn árið 2023 en verkefnið þó ekki hafið. Þekking á lág-hita á þessu svæði var takmörkuð, nánast engar rannsóknir eða boranir höfðu átt sér stað síðan vinnsla hófst í Svartsengi og því ekki við nein gögn að styðjast. Svona verkefni tekur venjulega nokkur ár en þarna var allt sett í gang sökum stöðunnar sem upp var komin.

Við staðsettum þrjár djúpar rannsóknarholur (u.þ.b. 1.500 m) út frá jarðfræðilegum vísbendingum og með nálægð við innviði og náttúruvá í huga. Þær voru boraðar með það í huga að þær gætu nýst sem vinnsluholur í leiðinni og borun á Njarðvíkurheiði hófst á lygilega skömmum tíma. Borun á fyrstu holunni lauk í maí og kom í ljós að sú hola gefur um 25-30 lítra á sekúndu af 30-40 gráðu heitu vatni. Einhvern tíma hefði þetta talist misheppnuð tilraun en því fer víðs fjarri því varmadælutæknin gefur okkur möguleika á að hita vatnið meira. Það er gríðarlegur munur á því að hita 5 gráðu heitt vatn eða 30-40 gráðu heitt vatn.

Næsta hola var staðsett á Miðnesheiðinni og lauk borun þar í júní, hún skilaði 30-40 lítrum á sekúndu með vatni sem verður heitara eftir því sem fleiri próf eru framkvæmd og mun hún líklega enda á að verða um 70 gráðu heit. Ef haldið yrði Íslandsmót í borholum þá myndi þessi líklega vinna, hún myndi duga til að halda t.d. öllum Suðurnesjabæ heitum.

Borun á þriðju holunni lauk svo í júlí og er sú hola líka á Njarðvíkurheiðinni. Mjög mikið magn af vatni er í þessari holu en vatnið þó ekki nema tæplega 20 gráðu heitt en aftur, með varmadælutækninni mun þessi hola líka nýtast.

Þegar þetta allt er tekið saman þá var árangurinn af þessari jarðhitaleit á Reykjanesi vel umfram væntingar og með þessum holum er hægt að halda öllu Reykjanesinu og Vogum frostfríum og líklega anna eðlilegri lágmarksnotkun til skemmri tíma. Frekari rannsóknir muni hjálpa okkur við að meta það nánar. Næstu skref eru frekari mælingar, útfærsla á dælum, varmaskiptum og lögnum svo holur verði tiltækar til vinnslu. Þetta er fyrsta skrefið í lág-hitaleit á Reykjanesinu og við erum óralangt frá því að ná heildarsýn yfir möguleika svæðisins í heild. Frekari rannsóknar er þörf og er mikilvægt að þær tefjist ekki,“ sagði Árni að lokum.



Jarðbor ÍSOR að
störfum við Rockville á
Miðnesheiði. VF/Hilmar Bragi

Skannaðu kóðann
og lestu blaðið



NÝTT BLAÐ ER KOMIÐ

Gerum huggulegt



VIÐ ERUM Á TIKTOK

PÚ GETUR
UNNIÐ **IPHONE**

BYKO er loksins mætt á TikTok!
Við erum í gjafastuði og ætlum að gefa
einum heppnum fylgjanda iPhone 15.
tiktok.com/@bykoiceland

Þú ert í pottinum með því að:

- Líka við
- Fylgja
- Merkja vin

**FYLGDU
OKKUR**
Skannaðu kóðann



-20%
AF VÖLDUM
FLÍSUM



-20%
AF BADPLÖTUM



-20%
AF VÖLDUM
RUSLATUNNUM



-25%
AF INNI- OG
UTILJOSUM



-25%
AF LÖMPUM



-25%
AF PERUM



Biti með lýrvara um prentvillur og féða myndabrengli.

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



P Ó P M Ú S A T G A B T G U M
 Æ G N A L S Æ G U S L I E H G
 Y N O M Z U T A P I A S M X A
 G N Æ G Ð A Z S X F N Ó T H B
 R A M T X X P K A B G A M Ú K
 A A S U G M B Ú T V A R P G Í
 L A X X G V Í T A B T Ú Í R V
 L T B I X X R U T S E H X I A
 A B R A N D A R I G A M T Ð L
 R X A J P E N Z X U Á M Ú Ó F
 I T Ó P G Ú L U S X P A G M E
 A G R U N N E T F B U G S S K
 T A M R U T A L F M X U A Ó T
 B A N G X R F L T M Á R B J Ó
 Ú R I T T É R F R U K Í V L P

HEILSUGÆSLAN
 GASKÚTUR
 ÚTVARP
 HESTUR
 BRANDARI
 GUSA
 LANGA
 HAUSTAR
 TENNUR
 MAGUR

LJÓSMÓÐIR
 FLATUR
 GNÆGD
 GRALLARI
 VÍKURFRÉTTIR
 UXI
 LAX
 API
 KEFLAVÍK
 NEPJA

Gangi þér vel!



Frá Grindavíkurhöfn í byrjun apríl 2018. VF/Hilmar Bragi

Þorbirni skipt upp á milli þriggja fjölskyldna

Stórar breytingar eru yfirvofandi á rekstri Þorbjarnar hf. í Grindavík. Afkomendur systkinanna Þriggja, barna stofnenda Þorbjarnar, Tómasar Þorvaldssonar og Huldu Björnsdóttur, munu hver um sig taka við rekstri eins togara en Þorbjörn hefur verið að gera út frystitogarana Tómas Þorvaldsson, Hrafn Sveinbjarnarson og ísfisktogarann Sturlu. Nýtt fyrirtæki verður stofnað utan um hvern togara.

- Afkomendur Gunnars Tómassonar munu gera Hrafn Sveinbjarnarson GK út.
- Afkomendur Eiríks Tómassonar munu gera Tómas Þorvaldsson GK út.
- Afkomendur Gerðar Sigríðar Tómasdóttur munu gera Sturlu GK út.

GK. Ekki er búð að taka ákvörðun um hvað gert verður við það skip en það átti að sjá landvinnslu fyrir hræfni en fyrr í sumar lagði Þorbjörn landvinnsluna niður sökum aðstæðna í Grindavík.

Þorbjörn sendi frá sér yfirlýsingu vegna málsins í síðustu viku:

„Undanfarin misseri hafa endur skipulagningu reksturs félagsins í ljósi breyttra aðstæðna.

Meginmarkmið þessarar endurskipulagningar er að auka hagkvæmni í rekstri. Niðurstaðan er sú að leggja áherslu á rekstur þriggja skipa félagsins; Tómasar Þorvaldssonar GK-10, Hrafns Sveinbjarnarsonar GK-255 og Sturlu GK-12. Með því næst fram betri nýting á rekstrarfjárumnum félagsins og aflaheimildum. Verður rekstur þeirra færður í sjálfstæð félög með sama eignarhaldi og Þorbjörn hf. Nýjum félögum verður stjórnað af núverandi eigendum og starfsmönnum Þorbjarnar hf.

Er það mat hluthafa að með þessu náist einfaldari og einbeittari nálgun á rekstur hverjar rekstrar-einingar.“

Beðið er komu hins nýsmíðaða ísfisktogara, Huldu Björnsdóttur

Nýtt fiskveiðiár er hafið

September kominn af stað – og þar með nýtt fiskveiðiár. Þá opnast líka veiðar dragnótabáta inn í Faxaflóanum, eða bugtarveiðar eins og þær eru kallaðar. Fram til 2020 þá mátti ekki vera viss mikilið af þorski í aflanum en árið 2020 var þessi regla felld niður og núna eru enginn takmörk á þorski í aflanum.

Og veiðarnar hafa byrjað mjög vel. Sjö bátar eru komnir á veiðar í Flóanum og hæstur af þeim er Ásdís ÍS frá Bolungarvík sem er kominn með 93 tonn í sex róðrum og af því er þorskur 57 tonn. Þessi bátur er ekki óvanur því að stunda veiðar í Faxaflóanum því báturinn hét áður Örn KE þar sem Karl Óskarsson var skipstjóri. Ásdís ÍS landar í Keflavík

Næstur á eftir honum er nýr bátur sem heitir Stapafell SH sem hefur landað 78 tonn í fjórum róðrum og mest 28 tonn. Langmest er af þorski í þessum afla, eða 75 tonn. Stapafell SH landar í Reykjavík. Stapafell SH er í eigu Péturs sem gerir úr Bárð SH en báturinn sjálfur var keyptur í vor frá Grímsey og þar hét hann Þorleifur og þar á undan Hringur GK frá Hafnarfirði.

Siggi Bjarna GK er með 52 tonn þremur róðrum, mest 21 tonn í róðri, og Benni Sæm GK er með 48 tonn í fjórum róðrum. Báðir landa í Sandgerði.

Síðan er Aðalbjörg RE með 49 tonn í þremur róðrum og öfugt við hina báta þá er uppstaðan hjá Aðalbjörg RE skarkoli, eða 28 tonn. Síðan hafa Matthías SH og Esjar SH líka komið í flóann.

Netabátarnir byrja frekar rólega og einu bátarnir sem eru að róa eru



AFLAFRÉTTIR

Gisli Reynisson
 gisli@aflafrettir.is



að veiða fyrir Hólmgrím. Sunna Líf GK er með 3,4 tonn í einum róðri, Addi Afi GK 1,4 tonn í einum og Svala Dís KE 2 tonn í einum, allir að landa í Keflavík. Hraunsvík GK var með 1,2 tonn í tveimur róðrum, landað í Grindavík.

Sighvatur GK er kominn á veiðar en hann bilaði um miðjan ágúst og var hent upp í slippinn í Njarðvík og fór niður um mánaðarmótin. Sighvatur GK kom til Grundarfjarðar með 91 tonn í einni löndun.

Aðrir línubátar eru allir úti á landi nema Dúddi Gísla GK sem er í Sandgerði. Fjöltnir GK (áður Sævík GK, báturinn með danski ö-inu) er með 35 tonn í tveimur róðrum og mest 19,7 tonn í einni löndun, Óli á Stað GK með 30 tonn í fimm löndunum, Geirflugl GK 25 tonn í fjórum og Hópsnes GK 21

tonn í fjórum löndunum. Allir á Skagaströnd. Dúddi Gísla GK er með 17 tonn í þremur löndunum og mest 7,3 tonn.

Ekki er nú hægt að segja að veiðar hjá færabátunum sé eitthvað til að hrópa húrra yfir því enginn færabátur á Suðurnesjum hefur komist á sjóinn það sem af september – svo það þýðir þá lítið að spá meira í því.

Nesfiskstogarnir eru ennþá á rækjuveiðum fyrir norðan og kom Sóley Sigurjóns GK með 52 tonn í einni löndun og var rækja af því ekki nema 15,5 tonn. Pálína Þórunn GK kom með 40 tonn í einni löndun og reyndar enginn rækja í þeim afla.

Nesfiskur á töluvert mikið af rækju því fyrirtækið fékk alls um 660 tonn af rækju úthlutað á þessi tvö skip og er stærstur hlutinn af þeim afla á Sóley Sigurjóns GK. Allur rækjuafinn af togurunum er unnin á Hvammstanga í Meleyri en Nesfiskur á það fyrirtæki.

SUÐURNESJA
 VF **magasín**

Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín?
 Sendu okkur línu á vf@vf.is

Bílaveiðgerðir
 Smurþjónusta
 Varahlutir

BÍLAR & PARTAR



Brekustíg 38 - 260 Njarðvík
 sími 421 7979
 www.bilarogpartar.is

Rétturinn

Ljúffengur
 heimilismatur
 í hádeginu

Opið:
 11-13:30
 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is

HEYRN
 HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrnúmskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is // f

EKKI ÓTTAST RIGNINGUNA

Lindab þakrennur eru bæði
endingargóðar og fallegar

- Áratuga reynsla við íslenskar aðstæður.
- Auðvelt í uppsetningu.
- Fjölbreytt úrval lita í boði.
- Allar helstu einingar á lager.

Skoðaðu úrvalið



Súluverðlaunahafinn Magnús Kjartansson mætti með hjómsveit á kjötsúpusviðið á föstudagskvöldinu við Ráðhús bæjarins.



Kvinnakór Suðurnesja söng í Bíosal Duus safnahúsa undir stjórn Dagnýjar Jónsdóttur.



Karlakór Keflavíkur undir stjórn Jóhanns Smára Sævarssonar.



Magnús Kjartansson leiddi saman Sönghóp Suðurnesja og Söngsveitina Víkinga.



Hátíðarsvæðið á Bakkalág var þétt skipað á laugardegnum þar sem gestir Ljósanætur nutu dagskrár í veðurblíðunni, þó svo ferskir vindar hafi blásið í fánana fyrri hluta dags.



HS Orka stendur fyrir áhugaverðri sýningu í Gryfjunni í Duus safnahúsum í tilefni af 50 ára afmæli hitaveitu á Suðurnesjum. Hér skoða Svandís Svavarsdóttir, innviðaráðherra, og Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri, sýninguna sem mun standa fram á haustið.



Þúsundir skemmtu

Gestir Ljósanætur dreifdu yfir stórt svæði en viðburðir voru um allan bæ. Hér má sjá yfir hátíðarsvæðið síðdegis á laugarlag.

Tugþúsundir gesta nutu tónlistar á stóra sviði Reykjanesbæjar, glæsilegrar flugeldasýningar og lýsingu Bergsins á laugardagskvöldi. Dagskrá Ljósanætur náði hápunkti um kvöldið og fór vel fram í góðu veðri.

„Sólin gerir auðvitað gott betra,“ sagði Guðlaug María Lewis, verkefnastjóri Ljósanætur, í skýjunum eftir vel heppnaðan og sólríkan laugardag á Ljósanótt. „Við fögnuðum sérstaklega 30 ára afmæli Reykjanesbæjar með hreint út sagt frábærri tónlistarveislu og flugeldasýningu sem landsmenn fengu að njóta með okkur í beinni útsendingu.“

Skipuleggjendur hátíðarinnar telja að hún hafi verið með þeim fjölmennari og að tugþúsundir gesta

hafi tekið þátt í dagskrá laugardagsins enda margt til skemmtunar. Hátíðin hófst formllega að venju á fimmtudegi með opnun fjölda listsýninga en um hundrað aðilar tóku þátt. Á föstudag var tónlistardagskrá á ráðhústorginu og boðið upp á kjötsúpu frá Skólamat. Heimatónleikar voru á sex stöðum. Veðurguðirnir voru í óstuði þegar leið á kvöldið en voru í góðu skapi annars alla hátíðina og hafði það mikið að segja á laugardegi þegar þúsundir fóru í árganga-



Um 30.000 manns voru á hátíðarsvæðinu þegar mest var á laugardagskvöldinu. Það átti eftir að fjölga talsvert eftir að þessi mynd var tekin.



Vegleg tónlistardagskrá var á hátíðarsvæðinu á laugardagskvöld þar sem öllu var til tjaldað. Meðal annars komu synir Keflavíkur og Njarðvíkur, þeir Magnús Sigmundsson og Jóhann Helgason fram og fluttu perlu frá ferli sínum.

SÉR VEL Á LJÓSANÓTT



Listamaðurinn Stefán Jónsson sýndi í Fischershúsi. Myndirnar hans vöktu mikla athygli og sendust jafnvel betur en heitar lummur.



Regnhlífar komu að góðum notum á heimatónleikum á föstudagskvöldinu en veðurguðirnir ákváðu að ausa aðeins yfir hátíðargesti áður en sólinni var sleppt lausri á laugardeginum.



Mótorhjól og fornbílar óku í fylkingu niður Hafnargötu og voru sýnd við Keflavíkurtúnið.

göngu og enn fleiri mættu á frá-bæra tónleika um kvöldið. Margir notuðu sunnudaginn til að fara á listsýningar, sögugöngu í Keflavík og tónleika í Höfnum og í Keflavíkirkirkju.

Að sögn Guðlaugar var virkilega góð og jákvæð stemning á svæðinu og langsamlega flestir staðráðnir í að vera með ljós í hjarta á Ljósanótt eins og lagt var upp með. „Við höfum auðvitað áhyggjur eins og aðrir af hópamyndun og ölvun unglunga sem virðist orðið samfélagslegt



vandamál sem þjóðin þarf að taka höndum saman um að stemma stígu við. Eftir því sem við best vitum á þessari stundu gekk þetta stórslysalaus hjá okkur og fyrir það erum við þakklát.“

Lögregla þurfti að hafa afskipti af nokkrum ungmennum vegna ölvunar og einn réðist að tveimur lögreglumönnum en Bjarney Annelsdóttir, yfirlögregluþjónn, segir að hátíðin hafi gengið mjög vel á heildina titið. Lögreglan var vel mönnuð á hátíðinni fylgdist vel með.



Árgangur 1974 er 50 ára á árinu og þau voru heiðruð sérstaklega á Ljósanótt.

Það var gríðarlegt mannhaf sem flæddi niður Hafnargötuna í árgangagöngunni sem er örugglega einn stærsti og fjölmennasti dagskrárliður Ljósanætur hvert ár. Árgangarnir safnast saman við sín húsnúmer við Hafnargötu en mínusa þó töluna 20 frá fæðingarári sínu. Þannig hóf árgangur 1988 gönguna við Hafnargötu 68 og árgangur 1959 byrjaði sína göngu við Hafnargötu 39. Á myndunum má sjá mannhafið í götunni og auðvitað flýgur farþegapöta yfir, hvað annað!



Myndasafn frá Ljósanótt er á vefnum

vf.is

Myndar manneskjur eins og þær eru



Ljósmyndarinn Adam Dereszkiwicz setti upp áhugaverða ljósmyndasýningu á Ljósanótt þar sem afgreiðslufólk við Hafnargötu í Reykjanesbæ voru viðfangsefni sýningarinnar. Adam hefur langa reynslu af ljósmyndun, hann hefur haldið fjölmargar sýningar og gefið út tvær ljósmyndabækur í Póllandi. Menningarsjóður Reykjanesbæjar styrkti verkefnið.

LJÓSMYNDUN

Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is



„Það má segja að allt hafi snúist um ljósmyndun hjá mér þar til ég flutti til Íslands. Ég var formaður Ljósmyndasamfélags Gdansk (Gdańskie Towarzystwo Fotograficzne) í um tíu ár og þar stýrði ég ljósmyndasamkeppnum, setti upp sýningar og stóð fyrir vinnustofum,“ segir Adam.

„Covid-faraldurinn og ákvörðunin að hingað hafði þau áhrif að verkefnastaðan datt svolítið niður hjá mér um tíma – en áhuginn var alltaf til staðar. Fyrstu tvö árin var ég aðallega að fást við cyanotype og landslagsmyndir en það er ekki mitt sérsvið. Ég vil mynda fólk.“

Adam segir að frá því að faraldurinum lauk hafi ljósmyndaverkefninum fjölgað jafnt og þétt. „Jú, ég tek færri myndir þessa stundina en það er líka vegna þess að ég skildi fyrirsæturnar mínar eftir í Póllandi og er að leita að nýjum andlitum.“

Skilur mest eftir að fá tækifæri til að kynna fólk

Adam hefur fengið úthlutað úr Menningarsjóði Reykjanesbæjar tvö undanfarin ár. „Í fyrra vann ég ljósmyndasýningu sem kallast *Single Piece of Robe* og var markmið hennar að valdefla konur og láta þeim líða vel með sjálfar sig. Ég setti upp samskonar sýningu fyrir um tíu árum en þá myndaði ég konur og sýndi þær eins og þær eru, engin myndvinnsla og ekkert fótósjoþað. Þær sýndu stoltar útlit sitt og líkama, allt það sem gerði þær einstakar.“

Með þeirri sýningu var ég að hvetja konur til að settast við sjálfar sig sem mér finnst vera mikilvægt á þessum tímum útlitsdýrkunar þar sem sjálfsþægirni á eigið útlit er orðið að vandamáli. Konur eru sérstaklega móttækilegar fyrir þeim ósanngjörnu viðmiðum sem eru sett í dag.

Það var svolítið svekkjandi að einungis ein íslensk kona var tilbúin í myndatöku fyrir þá sýningu en þegar á hólminn var komið mætti hún ekki.“

Sýningin var sett upp í Fischers-húsi í fyrra og Adam segir að hann hafi fengið mjög jákvæð viðbrögð við myndunum: „Þetta er alvöru fólk! Ekkert verið að reyna að fegra það með því að fjarlægja ör eða bletti.“



Adam og eiginkona hans, Iwona Dereszkiwicz, á ferðalagi um Ísland og auðvitað í íslenskum lopapeysum.



Verk eftir Adam unnið með cyanotype.

Sýning Adams í ár snýst um afgreiðslufólk í verslunum á Hafnargötunni. Áður fyrir þekktu flestir andlit afgreiðslufólks verslana en með tilkomu vefverslana og með breyttum neysluvenjum er eins og mörg af þessum andlitum séu að verða okkur ókunn. „Sýningin í ár er líka endurtekning á verkefni sem ég vann í samstarfi við tvo aðra árið 2009. Þá mynduðum við afgreiðslufólk í litlu samfélagi í Póllandi og margir vissu ekki einu sinni að þar væru verslanir. Í ár rölti ég á milli verslana á Hafnargötu og bauð þeim sem vildu að taka þátt. Fólk varð oft svolítið hvumsa þegar ég mætti í verslanirnar og spurði af hverju þau ættu að vera með. „Af því að verslunin er hérna og ég var að bjóða þér að vera með,“ svaraði ég. Þegar upp var staðið tóku 29 verslanir þátt í sýningunni.“

Ég vissi af þessum verslunum og vildi gjarnan kynna fólkina fyrir aftan afgreiðsluborðin. Það er þetta sem skilur mest eftir hjá mér í sambandi við svona verkefni – að fá að kynna fólk.“

Fengu næði til að kynna Íslandi

Adam og eiginkona hans, Iwona Dereszkiwicz, fluttu til Íslands árið 2020. „Það var mjög góð tíma-setning því vegna Covid gátum við í heilt ár heimsótt helstu náttúru-perlur landsins og verið laus við túristana,“ segir Adam og brosir. „Árið 2021 ferðuðumst við um allt og það var algerlega magnað. Konan mín hafði komið til Íslands nokkrum sinnum áður en við fluttum hingað til að heimsækja vinafólk og hún hafði upplifað fjölmenna ferðamannastaði, að vera í troðningi og liggur við að fá regnhlífar í augað (sannleikurinn er sá

að aðeins ferðamenn nota regnhlífar á Íslandi).“

Þessa stundina er aðalstarf Adams vefsíðugerð og grafísk hönnun og hann segir að þau hjónin kunni vel við sig hérlendis. „Ég vinn við að setja upp vefsíður, ég ver tímanum að mestu fyrir framan tölvu þar sem ég vinn ýmist við uppsetningu og viðhald á vefsíðum.“

Og hvernig gengur að læra íslensku?

„Það er erfitt, ég er að læra en fæ nánast enga æfingu þar sem ég vinn mikið einn – það er flókið að læra íslensku en ég er að reyna.“

Adam Dereszkiwicz heldur úti vefsíðu þar er hægt að sjá fjölda verka eftir hann. Slóðin er <https://artadder.com/>



Að ofan: Starfsfólk í Sambíó Keflavík (t.v.) og Oddgeir Garðarsson, kaupmaður í Stapafelli (t.h.). Að neðan: Sara María með veggspjald af afgreiðslufólki í Mimosa.



GLAM: Stína, Marta, Jóhanna

HAFNARGATA

45

Afgreiðslufólk frá Hafnargötu
Clerks of Hafnargata

Myndaverkefni gert af / Photo project by:
Adam Dereszkiwicz

Leitaðu að sýningarpáttum á Hafnargötu / Look for other elements along the street / Znajdź też inne fragmenty wystawy



Lestu meira / Read more / Więcej informacji

artadder.com/hafnargata

Verkefni styrkt af Menningarstýrkisjóði Reykjanesbæjar.
Project financially supported by Reykjanesbær Cultural Grant Fund.



Veggspjöldin af afgreiðslufólkinu koma einstaklega vel út.



Skreytum hús

Nýtt litakort



Nýtt **Skreytum hús** litakort er komið í verlanir **Slippfélagsins**.

Skreytum hús litirnir eru búnir til af **Soffiu Dögg Garðarsdóttur** og **Slippfélaginu**. Soffía heldur úti heimilisblogginu **Skreytum hús**.

Hægt er að nálgast litakortið í öllum verslunum **Slippfélagsins**.

SLIPPFÉLAGIÐ
Hafnargötu 54
Reykjanesbæ
S: 421 2720

Opið:
8-18 virka daga
10-14 laugardaga
slippfelagid.is



SLIPPFÉLAGIÐ

■ Móðir í Grindavík ósátt við vinnubrögð barnaverndar. Segir bæjarstjórn ósamstíga og búna að afsala sér völdum eftir stofnun framkvæmdanefndar.

Með barnavernd á bakinu í aðdraganda eldgoss

„Ég tel mig ágætlega vel gefna og treysti mér fullkomlega til að meta öryggi barnanna minna,“ segir Grindvíkingurinn Gréta Dögg Hjálmarsdóttir en hún lenti í þeirri leiðinlegu reynslu að barnavernd taldi sig þurfa hafa afskipti af börnum hennar þar sem ekki þótti öruggt að vera með börn í Grindavík í aðdraganda síðasta eldgoss. Fjölskyldan gafst að lokum upp og hefur fest kaup á húsnæði í Reykjanesbæ.

VF GRINDAVÍK

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vt.is



Gréta Dögg var búin að missa tölu á öllum þeim skiptum sem fjölskyldan þurfti að flytja en við eldgosíð um miðjan janúar þegar hraun tók þrjú hús, breyttist hugsunarhátturinn og fjölskyldan taldi sig þurfa koma sér fyrir til lengri tíma og gerði þriggja mánaða leigusamning við Bríeti og Vogar urðu dvalarstaðurinn. Eftir erfiðan tíma fram að þessu tók ekki betra við, Gréta og fjölskylda fundu sig aldrei almennilega í Vogum og hugurinn leitaði sífellt til Grindavíkur. Að leigutímanum loknum tók fjölskyldan einfalda ákvörðun.

Ekki hrædd

„Við fluttum heim um miðjan maí en þá var næsta eldgos yfirvofandi. Við hugsuðum með okkur að það yrði bara eitt í viðbót og svo yrði þetta búið. Gosíð kom svo á besta tíma, allir voru farnir til skóla og vinnu og sem betur fer voru yfirvöld búin að slaka á og Grindvíkingum var hleypt aftur heim til sín tveimur sólarhringum seinna. Ég mun aldrei gleyma gleði barnanna minna við að flytja aftur heim til Grindavíkur eftir síðustu mánuði í rótleysi með hluta af dótinu




”

Á sama tíma og við fréttum af vopnaburði barna, við fréttum af börnum sem búa við slæmar fjölskylduástæður vegna drykkju og dónpneyslu foreldra, þá telur barnavernd sig þurfa að hafa áhyggjur af mínum börnum því það er svo mikil hætta á eldgos...

okkar í ferðatöskum, þau hreinlega ljómuðu og við Magni Emilsson, eiginmaður minn, vorum sömu-leiðis afskaplega glöð að vera komin heim til okkar því þetta snýst kannski mest um það, að vera heima hjá sér. Það er yndislegt fólk sem býr í Vogum en okkur leið aldrei eins og við værum heima hjá okkur og því tókum við þá ákvörðun að flytja heim, að mjög vel athuguðu máli. Þarna var búið að jarðvegsskanna allan bæinn og búið að gefa út að vesturhlutinn væri allur meira og minna í lagi, við búum í þeim hluta. Þau svæði sem voru talin hættuleg var búið að girða af í bak og fyrir svo okkur

eða börnunum okkar var engin hætta búin. Börnin okkar eru þrettán ára stelpa og níu ára sonur, við lögðum þeim lífsreglurnar og treystum þeim fullkomlega að fara eftir því sem við sögðum þeim, við höfðum ekki áhyggjur af þeim í eina einustu sekúndu og sumarið var æðislegt hjá okkur heima í Grindavík. Að hugsa sér, það þurfti ekki meira til að gleðja þessa fjölskyldu en bara að fá að vera heima hjá sér. Það er kannski gott að það komi skýrt fram að börnin mín voru alls ekkert hrædd við þetta, þegar mestu jarðskjálftarnir voru í gangi fyrir fyrri rýminguna þá fannst þeim það bara skemmtilegt,



við reyndum einfaldlega að setja þetta upp á skemmtilegan máta, kölluðum þetta jarðskjálftabingó, ef jarðskjálfti færi yfir x tölu þá yrði farið í bíó eða gert eitthvað skemmtilegt. Börnin höfðu engar áhyggjur af því að eldgos myndi koma upp í Grindavík og sonur minn dýrkaði loftvarnarflauturnar, var svekktur að vera ekki heima þegar hann vissi að æfing yrði þann daginn og reyndi þá að taka flauturnar upp á ípadinn sinn. Eins og ég segi, þau voru ekkert hrædd við þetta, að sjálfsögðu hefði ég ekki neytt þau til að búa í Grindavík ef þau hefðu verið hrædd, mér finnst mikilvægt að það komi skýrt fram.“

Yfirvöld skerast í leikinn

Eftir að fréttaflokkur jókst af hugsanlegu eldgosinu innan varnargarða og það gæti hafist fyrirvaralaust, lentu Gréta og Magni í því sem engir foreldrar vilja lenda í, barnavernd fór að hafa afskipti.

„Grindavík var búið að vera rauðmerkt á hættumatskortinu í talsvert langan tíma, a.m.k. tvo mánuði en merkilegt nokk, þá máttu ferðamenn vera í Bláa lóninu á sama tíma og með börn. Börn máttu gista á hótelinu á svæði sem er nær gosstöðvum en Grindavík og nánast beint ofan á landrisinu en mín börn máttu ekki



Embla Sif Ingólfssdóttir við sitt listaverk

LISTAGARÐUR BARNNA

– Fetað til framtíðar í fjörunni

Í leikskólanum Holti er lögð áhersla á listræna tjáningu og er myndsköpun hverskonar í hávegum höfð. Árið 2009 kom hugmynd frá móður barns í leikskólanum að setja upp stígvél í fjörunni og skreyta þau verkum eftir börnin í leikskólanum. Bæjaryfirvöld tóku vel í hugmyndina og fundu garðinum fallegan stað niður við sjó. Þar sem garðurinn liggur við göngustíginn í Innri Njarðvík hafa verkin glatt bæjarbúa sem leið eiga hjá og annarra sem gera sér ferð víða að í garðinn.

Áhersla hefur verið lögð á að verkin sem prýða stígvélardönn séu gerð úr opnum efnivið. Nú á dögnum bar hann þess augljós merki að veður eru gjarnan válynd hér á Suðurnesjum og þurfti að endurnýja hann allan. Aftur stukku starfsmenn bæjarins til og komu til aðstoðar samhliða því að börnin bjuggu til nýtt stígvélaskraut.

Því efndi leikskólinn til endurvígsluhátíðar þar sem tvö elstu börnin í leikskólanum, Friðrik



Lukas Rúnarsson og Íris Mihl Grétarsdóttir, héldu á borða sem þær Vala Björk Svansdóttir, áður nefnd móðir, og Kristín Helgadóttir, fyrrverandi leikskólalastjóri, klipptu á.

„Það er einlæg von okkar að garðurinn standi til frambúðar og við munum gera okkar besta til að halda honum við. Við hvetjum ykkur öll til að gera ykkur ferð og kíkja á garðinn góða,“ segir í frétt frá leikskólanum Holti.



Klippt á borðann.



Stúkan í Njarðvík var þétt setin þegar Njarðvíkingar tóku á móti Keflvíkum. VF/JPK

Rislítill nágrannaslagur í Lengjudeild karla

Mikil spennan um hvaða lið komast í umspil

ÍDRÓTTIR

Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is



Næstsíðustu umferð Lengjudeildar karla í knattspyrnu lauk um helgina og það blés hressilega þegar Ljósanæturleikur Njarðvíkur og Keflavíkur fór fram í Njarðvík. Frábær mæting var á Rafholtsvöllinn en nágrannaslagurinn náði aldrei neinum hæðum og endaði með markalausni jafntefli. Leikurinn var báðum liðum gríðarlega mikilvægur í baráttu efstu liða.

Eyjamenn fóru langt með að tryggja sér deildarmeistaratilinn með stórsigri á Grindavík. Reyndar eru Fjölnir og Keflavík skammt frá ÍBV fyrir lokaumferðina, Fjölnismenn tveimur stigum á eftir þeim og Keflvíkingar þremur, þannig að



Tekist á í háloftunum. VF/JPK

fræðilega geta Keflvíkingar jafnað Eyjamenn að stigum en að auki hafa Eyjamenn þrettán mörkum hagstæðari markatölu.

Fjölnir og Keflavík eru örugg með sæti í umspil Lengjudeildar-

innar um sæti í efstu deild (fræðilega gætu Keflvíkingar endað í sjötta sæti en það er langsóttur möguleiki) en nýliðar ÍR, Afturelding og Njarðvík eru í harðri baráttu um hin tvö sætin.



Melanie Claire Rendeiro fagnar eftir að hafa skorað fyrsta mark sitt af þremur. VF/JPK

Lengjudeildin bíður Keflvíklinga

Keflavík - Stjarnan 4:4

Keflvíkingar misstu leikinn gegn Stjörnunni niður í jafntefli eftir að hafa náð þriggja marka forystu í fyrri hálfleik en leiknum lauk með 4:4 jafntefli. Keflavík er fallið og leikur í Lengjudeildinni á næsta ári en úslit þessa leiks höfðu ekki úrslitaáhrif á fallið þar sem Tindastóll tryggði áframhaldandi veru sína í Bestu deild með 3:0 sigri á Fylki.

Melanie Claire Rendeiro skoraði þrjú fyrstu mörk Keflvíklinga (10', 21' og 32') og Marín Rún Guðmundsdóttir það fjórða (72').

2. deild karla:

Völsungur - Þróttur 2:2

Þróttur á í harðri baráttu við Völsung um sæti í næstefstu deild en Völsungur hefur eitt stig umfram Þrótt fyrir lokaumferðina.

Þróttarar náðu tveggja marka forystu í fyrri hálfleik en Húsvíkingar minnkuðu muninn í þeim seinni (79'). Þegar venjulegur leiktími var liðinn leiddur Þróttarar með einu marki og stóðu með pálmann í höndunum en heimamenn náðu að jafna á fimmtu mínútu uppbótartíma.

Mörk Þróttar: Jóhannes Karl Bárðarson (2') og Guðni Sigþórsson (39').

Höttur/Huginn - Reynir 1:3

Mörk Reynis: Kristófer Páll Viðarsson (9' og 45'+3, víti) og Kristófer Dan Þórðarson (79').

3. deild karla:

Víðir - Magni 2:0

Víðismenn þurfa aðeins eitt stig úr lokaumferð þriðju deildar eftir góðan sigur á Magna.

Mörk Víðis: Ísak John Ævarsson (13') og Markús Máni Jónsson (74').

5. deild karla:

Midas - Hafnir 0:3

Hafnamenn tryggðu sér sæti í fjórðu deild að ári eftir glæstan 3:0 sigur á Midas í seinni leik liðanna í úrslitakeppni fimmtu deildar og mæta Áltanesi í úrslitum um deildarmeistaratilinn.

Mörk Hafna: Kristófer Orri Magnússon (9'), Reynir Adalbjörn Ágústsson (44') og Sigurbergur Bjarnason (60').

Opinn kynningar- og fræðslufundur Félags eldri borgara á Suðurnesjum

Haldin á Nesvöllum 19. september 2024 klukkan 14.00

FEBS kynning á starfsemi félagsins.

Kynning á nýju fyrirkomulagi á útgáfu rafrænu félagskirteini FEBS.
Kynning frá „Frísk“ Reykjanesbæ sem er heilsueflandi hreyfiúrræði fyrir eldri borgara.
Kynning frá „Löður“ bifreiðapvottastöð á Fitjum sem bjóða sérkjör fyrir eldri borgara.

Kaffiveitingar í boði á fundinum.

Þetta er opinn fundur allir 60 ára og eldri velkomnir!



Störf í boði hjá Reykjanesbæ

Störf í leik- og grunnskólum

Drekadalur - Deildarstjórar

Heilsuleikskólinn Garðasel - Íþróttafraeðingur

Heilsuleikskólinn Heiðarsel - Leikskólakennarar/starfsfólk

Heilsuleikskólinn Heiðarsel - Stuðningur vegna barna í leikskólalastarf

Myllubakkaskóli - Félagsráðgjafi eða sálfræðingur

Njarðvíkurskóli - Náms- og starfsráðgjafi

Önnur störf

Velferðarsvið - Forstöðumaður í íbúðakjarna

Viltu taka þátt í að veita börnum og fjölskyldum stuðning?

Viltu starfa hjá Reykjanesbæ? - Almenn umsókn

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn.



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS



JAFNFRAMTÖÐUN
2023 - 2026

TAKK FYRIR STUÐNINGINN

Yfir sjötíu fyrirtæki styrktu hátíðina í ár með fjárhagslegum stuðningi eða öðru framlagi. Án þeirra hefði Ljósanótt ekki verið jafn glæsileg og raun bar vitni og eru þeim hér með færðar þakkir fyrir ómetanlegan stuðning.

LJÓSBERAR



LJÓSGEISLAR



LJÓSGJAFAR

- Airport Associates
- Algalíf
- Arkís arkitektar
- Blue Car Rental
- Epoxy Gólf
- Ferðatjónusta Reykjaness
- Húsagerðin hf
- HS veitur
- Inova.is
- Íslandsbanki
- Íslandshús
- JeES arkitektar
- Kadeco
- Lagnir og þjónusta
- MBrothers
- Nettó
- OMR verkfræðistofa
- RISS verkfræðistofa
- Reisandi
- Securitas
- Tos smíði
- WIZ
- World Class Iceland

LJÓSVAKAR

- A4
- Aðaltorg
- ALTA
- ÁÁ Verktakar
- Bergraf
- Betri bær
- Höldur/Bílaleiga Akureyrar
- Blikksmiðja Suðurnesja
- Blue Lagoon
- Cargo flutningar
- Courtyard by Marriot
- Geisli
- Grjótgarðar
- HUG verktakar
- Hótel Keflavík
- HP gámar
- Kanon arkitektar
- KFC
- KPMG
- Lyfjaval
- Lagnatjónusta Suðurnesja
- Lyfta.is
- Mannvirki & Malbik
- Olís
- Rafstjórn
- Rafverkstæði I.B
- Rekan
- Reykjanes Investment
- Samherji Fiskeldi
- Sjóvá
- Skólar
- Slippfélagið
- Smáragarður
- Smávélaleigan
- Sólar
- StapaPrent
- Stuðlaberg
- TM tryggingar
- THG Arkitektar
- Tækniþjónusta SÁ
- Verkfræðistofa Suðurnesja
- Verkís
- VSB verkfræðistofa
- VSÓ ráðgjöf